

# NORÐURÞING

---

KETILSBRAUT 7 - 9 – 640 HÚSAVÍK

## Afreks- og viðurkenningasjóður Norðurþings.

### 1. grein.

Sjóðurinn heitir Afreks- og viðurkenningasjóður Norðurþings.

### 2. grein.

Sjóðurinn er stofnaður af fjölskyldu- og þjónusturáði Húsavíkurbæjar og er eign Norðurþings.

### 3. grein.

Tilgangur / markmið sjóðsins er að:

- styrkja og veita íþróttafélögum í sveitarfélaginu viðurkenningu fyrir góðan árangur, drengilega keppni, drengilegt og öflugt íþróttá-, félags- og æskulýðsstarf.
- styrkja og veita viðurkenningar til einstakra afreksmanna á sviði íþróttá, sem keppa fyrir hönd íþróttafélaga í Norðurþingi, til að auðvelda þeim að stunda æfingar í sinni grein og ná árangri.

### 4. grein.

Allar umsóknir sem berast sjóðnum skulu sendar af viðkomandi íþróttafélagi / deild eða samtökum sem sækir um fyrir hönd íþróttamanns og skulu gerðar á þar til greind eyðublöð. Hver styrkumsókn skal vera undirrituð og henni skal fylgja greinargerð um áætlaðan kostnað og markmið.

### 5. grein.

Um styrki vegna íþróttahópa, liða eða félaga gilda eftirfarandi reglur:

Eftirtalin mót eru styrkhæf

- Heimsmeistaramót
- Evrópumót
- Norðurlandamót
- Alþjóðleg mót

Einnig er heimilt að veita styrki til einstaklinga er valdir hafa verið í landslið.

### 6. grein.

Með stjórn sjóðsins fer fjölskyldu- og þjónusturáð Norðurþings. Tengist umsókn eða umsækjandi aðalmanni í ráðinu persónulega skal kalla til varamann.

### 7. grein.

Tekjur sjóðsins skulu vera árlegt framlag sem bæjarstjórn Norðurþings ákveður við gerð fjárhagsáætlunar. Einnig gjafafé sem og annað fé sem sjóðnum kann að áskotnast.

---

## NORÐURÞING

---

### KETILSBRAUT 7 - 9 – 640 HÚSAVÍK

#### 8. grein.

Reikningshald sjóðsins er hluti af ársreikningi bæjarsjóðs Norðurþings og Húsavíkurbær greiðir allan kostnað við rekstur sjóðsins. Skrifstofa sveitarfélagsins sér um bókhald og vörslu fjármuna hans.

#### 9. grein.

Fé sjóðsins, eins og það stendur í árslok, skal verðbætt árlega skv. vísitölu neysluverðs en sjóðurinn ber ekki vexti. Aðrar eignir skal varðveita eins og fjölskyldu- og þjónusturáð ákveður hverju sinni.

Sérákvæði vegna umsókna:

Tilgreina skal,

- Nafn, heimili, síma og kennitölu umsækenda
- Félag og/eða undirskrift forráðamanns þess félags sem undirritaður keppir/starfar í ef einstaklingur er skráður umsækjandi.
- Ástæður styrkumsóknar, sundurliðaðan kostnað vegna t.d. ferðar og einnig upplýsingar um aðra fjármögnun.
- Tilgreina skal upphæð styrkumsóknar.
- Ekki verður tekið við umsóknum vegna ferða/keppni sem þegar hefur farið fram.
- Verði ekki af umræddri ferð verður styrkur ekki greiddur.
- Dagsett umsókn verður að berast til fjölskyldu- og þjónusturáðs fyrir viðkomandi ferð.
- Umsóknir skulu stílaðar á Afreks- og viðurkenningasjóð Norðurþings, Fjölskyldu og þjónusturáð, Stjórnsýsluhúsinu Ketilsbraut 7 – 9 640 Húsavík.

Samþykkt í fjölskyldu- og þjónusturáði 14. september 2005

Samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkurbæjar 20. september 2005

Breytt í samræmi við samþykkt fjölskyldu- og þjónusturáðs Norðurþings 3. júlí 2006.

---